**Kjarasamningur**
**milli**
**Rafiðnaðarsambands Íslands**
**og**
**Samtaka atvinnulífsins vegna HS Veitna hf.**

**1. gr.**

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning RSÍ við HS Veitur hf (áður HS Orka).

**2. gr.**

**Launabreytingar á samningstímanum**

Launbreytingar 1. maí 2015

Þann 1. maí 2015 hækka laun og launatengdir liðir skv. launatöflu í fylgiskjali 1.

Launabreytingar 1. maí 2016

Þann 1. maí 2016 hækka laun og launatengdir liðir um 5,5%.

Launabreytingar 1. maí 2017

Þann 1. maí 2017 hækka laun og launatengdir liðir um 3,0%.

Launabreytingar 1. maí 2018

Þann 1. maí 2018 hækka laun og launatengdir liðir um 2,0%.

**3. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár m.v. fullt starf er:

Á árinu 2015 kr. 114.863
Á árinu 2016 kr. 121.170
Á árinu 2017 kr. 124.805
Á árinu 2018 kr. 127.301

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) m.v. fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2015 kr. 62.883
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2016 kr. 66.341
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2017 kr. 68.332
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2018 kr. 69.698

**4. gr.**

Samningsforsendur byggja á kjarasamningum SA og aðildarfélaga ASÍ frá 29. maí 2015.

Þegar niðurstaða liggur fyrir á almennum vinnumarkaði um endurskoðun vinnutíma og álagsgreiðslna, sbr. bókun þar um í kjarasamningum SA og aðildarfélaga ASÍ, munu aðilar hefja viðræður um sambærilegar breytingar á kjarasamningi þessum.

**5. gr.**

Samningurinn gildir til 31. desember 2018 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga 23. október 2015.

Hafnarfjörður 20. október 2015

Fh. RSÍ

Guðbjörn Tómasson

Ómar Baldursson

Björgvin Þór Ingvarsson

F.h. HS Veitna hf

Petra Lind Einarsd.